



Fjármálaráðuneytið
Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra
Arnarhvoli
101 Reykjavík

Reykjavík 5. mars 2019

Varðar: Fyrirspurn um ákvörðun launakjara Orkubússtjóra

Vísað er til bréfs ráðuneytisins dags. 12. febrúar 2019 varðandi ofangreint.

Laun Elíasar Jónatanssonar, Orkubússtjóra Orkubús Vestfjarða hafa þróast með eftirgreindum hætti frá því að hann hóf störf þann 1. júlí 2016.


Laun 1. júlí 2016 voru samtals 1.528 þús. kr/mán og var þar innifalin yfirvinna 41 eining/mán.

Nýr samningur um laun Orkubússtjóra var undirritaður í maí 2018 og voru grunnlaunin þá hækkuð um tæp 10%, en jafnframt var greiddum yfirvinnustundum fjölgað úr 41 í 50.

Launavísitalan hafði þá hækkað úr 581,9 (júlí 2016) í 656,5 (maí 2018) eða um 13%.

Heildarlaun Orkubússtjóra í dag eru þannig 1.798 þús. kr/mán. og hafa því hækkað um 18% frá 1. júlí 2016 á sama tíma og launavísitala hefur hækkað um 16%.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Orkubús Vestfjarða



Illugi Gunnarsson, stjórnarformaður